



Hr. Birgir Ármannsson
Formaður utanríkismálanefndar
Alþingi
150 REYKJAVÍK

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarástígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 21. apríl 2015
Tilvísun: UTN15030160/03.G.002
SHJ/höi

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að fordæma pyndingar leyniþjónustu Bandaríkjanna. 144. löggjafarþing 2014-2015. Þskj. 720 - 465. mál.

Ísland fordæmir undantekningalaust allar pyndingar, hverjir sem í hlut eiga. Verndun mannréttinda er eitt helsta leiðarstef utanríkisstefnu Íslands þar sem áhersla er meðal annars lögð á virðingu fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, mannúð, mannfrelsi og jafnrétti. Í 68. gr. stjórnarskrár Íslands segir að engan megi beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Í umfjöllun um mannréttindamál á alþjóðavettvangi leggja íslensk stjórnvöld áherslu á andstöðu við pyndingar og að baráttan gegn alþjóðlegum hryðjuverkum megi ekki vera á kostnað virðingar fyrir mannréttindum.

Þær skuldbindingar sem felast í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, mannréttinasáttmála Evrópu, sem og í hinum ýmsu mannréttinasamningum Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins eru einn helsti vegvísirinn í alþjóðastarfi Íslands.

Í 5. gr. mannréttindayfirlýsingarinnar og 7. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi segir að enginn skuli sæta pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Alþjóðasamningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu vísar einnig til þessara ákvæða og segir auk þess í 2. gr. að hvert aðildarríki skuli gera virkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu og réttarvörslu eða aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir pyndingar á sérhverju landsvæði í lögsögu þess. Jafnframt segir í sömu grein að hvernig sem á standi megi aldrei höfða til sérstakra aðstæðna af nokkru tagi, svo sem ófriðarástands, ófriðarhættu, ótryggs stjórnmalástands innanlands eða nokkurs annars almenns neyðarástands, til réttlætningar pyndingum.

Sem aðildarríki að Sameinuðu þjóðunum og að ofangreindum alþjóðasamningum eru bandarísk stjórnvöld bundin af alþjóðalögum til að stunda ekki pyndingar. Niðurstöður í skýrslu leyniþjónustunefndar öldungadeildar Bandaríkjapings staðfesta hins vegar að á tímabilinu sem skýrslan nær til hafi bandaríska leyniþjónustan ítrekað beitt hrottafengnum yfirheyrsluaðferðum. Enginn vafi leikur á að þessar yfirheyrsluaðferðir teljist til pyndinga.

Í yfirlýsingu forseta Bandaríkjanna hinn 9. desember 2014, sem gefin var út í kjölfar útgáfu skýrslunnar, segir að sumar aðferðir sem hafi verið gripið til í baráttunni gegn hryðjuverkum hafi brotið í bága við bandarísk gildi. Niðurstöður skýrslunnar hafi sannfært forsetann um að hinar harkalegu aðferðir sem voru notaðar hafi bæði gengið gegn þeim gildum sem bandaríska þjóðin stendur fyrir og gengið gegn bandarískum hagsmunum. Forsetinn áréttar þá stefnu sem hann hrinti í framkvæmd á upphafsdögum sínum í embætti í janúar 2009 að banna fortakslaust allar pyndingar og heitir því að hann muni beita völdum sínum til að koma í veg fyrir að slíkum aðferðum verði nokkurn tíman beitt á nýjan leik.

Í ljósi ofangreinds tekur utanríkisráðuneytið undir megininntak umræddrar tillögu þess efnis að fordæma beri pyndingar leyniþjónustu Bandaríkjanna. Ráðuneytið bendir hins vegar á að tillögutextann má skilja sem svo að þær yfirheyrsluaðferðir sem staðfestar eru í skýrslu leyniþjónustunefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings séu enn við lýði. Ráðuneytið telur viðeigandi að fordæmingin taki eingöngu til þess tíma sem staðfest er í skýrslunni að pyndingar hafi farið fram enda hefur forseti Bandaríkjanna áréttað að pyndingar séu nú bannaðar.

Jafnframt bendir ráðuneytið á að með skýrslu leyniþjónustunefndarinnar hafi Bandaríkjaþing sýnt lofsvert frumkvæði til að horfast í augu við framferði bandarískra stofnana sem braut í bága við alþjóðlegar skuldbindingar. Vel færi á því að í ályktunartexta yrði þessu fordæmi Bandaríkjaþings fagnað og að það gæti verið öðrum ríkjum til eftirbreytni.

F.r.
